



ÁRSSKÝRSLA
2008

fjs FJÁRSÝSLA
RÍKISINS



ÁRSSKÝRSLA
2008

FJÁRSÝSLA RÍKISINS
MARS 2009

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Formáli fjársýslustjóra	4
Um Fjársýslu ríkisins	7
Hlutverk og stefna	7
Markmið og áherslur	8
Innleiðing á mannauðshluta Orra	10
Starfsemin á árinu	13
Umsvif	13
Fjármál	16
Starfsmenn og þróun	17
Kennitölur	19
Ársreikningur 2008	23
Staðfesting ársreiknings	25
Áritun endurskoðenda	26
Rekstrarreikningur	27
Efnahagsreikningur	28
Sjóðstreymi	29
Skýringar með ársreikningi	30

FORMÁLI FJÁRSÝSLUSTJÓRA

Á árinu 2008 vann Fjársýsla ríkisins (FJS) markvisst að því að reyna að tryggja reglubundna færslu bókhalds hjá stofnunum innan ársins. Gagnkvæm samskipti við stofnanir, sem annast sjálfar sitt reikningshald, hafa verið aukin til muna. Vinna við mánaðaruppgjör ríkissjóðs er orðin mun skilvirkari og upplýsingarnar áreiðanlegri. Niðurstaðan hefur skilað sér í bættum gögnum til fjármálastjórnar og eftirlits.

Veigamikill þáttur í starfsemi snýr að þróun og rekstri upplýsingakerfa fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir. Árið 2008 einkenndist einkum af áframhaldandi þróun á rafrænum reikningum og rafrænu samþykktarferli reikninga í fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Orra). Samþykktarferillinn er í flestum tilfellum forsenda þess að unnt sé að taka rafræna reikninga í notkun. Nú er kerfið tilbúið en gengið hefur frekar treglega að fá birgja til að senda inn reikninga á rafrænu formi og eins að fá stofnanir til að nota kerfið.

Á miðju ári var ákveðið að hrinda í framkvæmd markvissri uppbyggingu á mannauðsupplýsingum í Orra. Nefnd skipuð starfsmönnum fjármálaráðuneytisins og FJS var falið að leiða þetta starf. Við innleiðingu á ráðningarluta kerfisins kom í ljós að þarfir ríkisins og stofnana höfðu breyst mikið frá þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar við kaup á kerfinu. Þurfti því að endurskoða þær frá grunni. Í því samhengi var farið yfir hvaða upplýsingar er talið mikilvægt að séu aðgengilegar í mannauðshlutunum. Lagt var mat á þarfir ríkisins í heild fyrir upplýsingar og jafnframt var reynt að taka tillit til þarfa ríkisstofnana. Ljóst er að miðstýring á þessum þáttum tryggir betri nýtingu á þeim upplýsingum sem koma úr kerfunum og dregur úr tvíverknaði og margskráningu gagna. Frumútgáfa ráðningarkerfisins verður tekin í notkun á árinu 2009. Um þetta er fjallað í sérstökum kafla í þessari skýrslu.

Fjársýslan hélt fimm ráðstefnur á árinu til að kynna ákveðna kerfishluta og nýjungar í Orra. Ráðstefnurnar voru haldnar bæði í Reykjavík og á Akureyri. Viðbrögð stofnana og notenda við þessum ráðstefnum voru góð og þóttu þær takast vel. Þátttakendur í heild voru tæplega 600.

Rekstur FJS á árinu 2008 var tæplega 1% umfram fjárheimildir ársins. Gjöld umfram sértekjur námu 1.250 millj. kr. en fjárveiting ársins nam 1.239 millj. kr. Tekjuafkoman var því neikvæð um 11 millj. kr. Rekstrargjöld námu 518 millj. kr., rekstur upplýsingakerfa 713 millj. kr. og stofnkostnaður 19 millj. kr. Starfsmannafjöldi í árslok var 72, þar af voru 32 karlar og 40 konur. Er það sami fjöldi og árið áður. Starfsmannavelta ársins var 12,5% og er það ívið hærra hlutfall en árið á undan.

Gunnar H. Hall
fjársýslustjóri







Hlutverk og stefna

FJS starfar samkvæmt lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum. FJS er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Fjársýslustjóri veitir henni forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra til fimm ára í senn.

Hlutverk

Hlutverk stofnunarinnar er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins. Jafnframt ber stofnuninni að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð.

Gildi

FJS hefur sameiginleg gildi að leiðarljósi sem eiga að tryggja samræmi í daglegu starfi hennar.

- Uppfylla þarfir hagsmunaaðila, þar með talda viðskiptavini, samstarfsaðila, starfsmenn og samfélagið í heild.
- Traust og áreiðanleiki við meðferð fjármuna og færslu bókhalds.
- Vera fyrirmynd annarra fyrirtækja og stofnana með áherslu á frumkvæði, nýsköpun, hæfni og starfsánægju.

Framtíðarsýn

- FJS kappkosti að veita viðskiptavinum sínum hraða og örugga þjónustu.
- Stofnunin verði góð fyrirmynd á sínu sviði hvað varðar fagmennsku í starfi.
- Vera leiðandi fyrir ríkið á sviði bókhalds- og áætlanagerðar og hafa frumkvæði við að innleiða hagnýtar nýjungar í tækni og vinnubrögðum.
- Upplýsingakerfi ríkissjóðs verði öflug, hagkvæm í rekstri og svari kröfum notenda.

Verkefni

1. Gerð og framsetning uppgjóra fyrir ríkissjóð, ásamt útgáfu ríkisreiknings.
2. Móttaka innheimtufjár og annast greiðslur fyrir ríkissjóð.
3. Samræming og gerð verklagsreglna fyrir bókhald og reikningsskil ríkisins.
4. Rekstur upplýsingakerfa, þróun og ráðgjöf er tengist notkun þeirra.
5. Ráðgjöf og kennsla fyrir ríkisaðila um bókhald, reikningsskil, innheimtu og launaafgreiðslu. Einnig ráðgjöf um nýtingu fjárhagsupplýsinga við fjármálastjórn.
6. Eftirfylgni með því að bókhald stofnana sé uppfært reglulega og um tilhögun innra eftirlits.
7. Færsla fjárhags- og launabókhalds og annast greiðslur fyrir ríkisstofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.
8. Umsjón með innheimtugagnavinnslum ríkissjóðs.

FJS er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum

Hlutverk stofnunarinnar er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins

Stofnuninni ber að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð

Lögð er áhersla á að FJS veiti hagkvæma og góða þjónustu

FJS leggur áherslu á áframhaldandi þróun og rekstur á fjárhags- og mannauðskerfi Oracle hjá ríkissjóði, ráðuneytum og stofnunum

Sérstaða FJS felst í ákveðinni sérfræðipækningu á bókhaldi og upplýsingakerfum hjá ríkisstofnunum

Markmið og áherslur

■ Almennar áherslur

Lögð er áhersla á að FJS veiti hagkvæma og góða þjónustu. Hún er þjónustustofnun og því mikilvægt að viðskiptavinir séu ánægðir. Það verður aðeins tryggt með góðri þjónustulund hjá starfsfólki, traustri sérfræðikunnáttu og hagnýtum upplýsingakerfum sem eru örugg í rekstri. Jafnframt er áriðandi að upplýsingakerfin séu öflug og skilvirk þannig að þau svari kröfum notenda hverju sinni.

Mikilvægt er að efla samstarf við viðskiptavini og samstarfsaðila. Þróun hugbúnaðar skiptir miklu máli í bókhaldi og því mikilvægt að vel sé staðið að því í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.

FJS leggur áherslu á áframhaldandi þróun og rekstur á fjárhags- og mannauðskerfi Oracle hjá ríkissjóði, ráðuneytum og stofnunum. Hér er um viðamiknið verkefni að ræða, sem þarf að fylgja eftir með frekari þróun, öflugri fræðslustarfsemi og verklagsreglum fyrir notendur kerfisins. Að öðrum kosti næst aldrei sú hagræðing sem að var stefnt með fjárfestingunni.

■ Stjórnunaráherslur

Sérstaða FJS felst í ákveðinni sérfræðipækningu á bókhaldi og upplýsingakerfum hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum. Verkefnin eru bæði víðtæk og sérhæfð. Lykilárangursþáttur stofnunarinnar er að hún hafi á að skipa hæfu starfsfólki sem býr yfir víðtækri þekkingu á því sviði sem stofnunin starfar á. FJS hefur lagt fram áherslur í starfsmannstjórnun innan stofnunarinnar með það fyrir augum að auðvelda vinnuna og samræma áherslur. Þessar áherslur miða að því að veita stjórnendum yfirsýn yfir mannauð stofnunarinnar og að bæta upplýsingaflæði innan stofnunarinnar.

■ Mannauður

Starfsemi FJS einkennist af mikilli sérhæfingu, verkaskiptingu og samræmingarstarfi á upplýsingum og gögnum sem unnið er með. Í því felast ákveðin þekkingarverðmæti og mikilvæg tengsl við samstarfsaðila og viðskiptavini. Áriðandi er að starfsmenn eigi kost á fræðslu í ljósi krafna um sérhæfingu, góða þjónustu og notkun á nýrri tækni. Stofnunin gerir jafnframt kröfur til starfsfólks um öguð vinnubrögð og að það ljúki sínum verkum tímanlega, t.d. í tengslum við launaútborganir, greiðslur styrkja og bóta, greiðslur reikninga, færslu bókhalds o.s.frv. Almennt er starfsfólkið meðvitað um mikilvægi, nákvæmni og tímanleika fyrir verkefni stofnunarinnar og leggur metnað í að leysa störf sín vel af hendi. Lögð er áhersla á að gefa starfsmönnum kost á að sækja nauðsynlega fræðslu og endurmenntun til að styrkja þekkingu þeirra og hæfni í starfi.



INNLEIÐING Á MANNAUÐSHLUTA ORRA



Í mannaúðshluta Orra eru átta kerfishlutar en þeir eru; launakerfi, vakta- og viðverukerfi (vinnustund), starfsmannakerfi, sjálfsafgreiðsla starfsmanna, ráðningarkerfi, ferðauppgjörkerfi, starfsþróunarkerfi og fræðslukerfi. Nokkrar stofnanir ríkisins notast við hluta mannaúðshluta kerfisins í dag, þ.e. launakerfið, starfsmannakerfið, vinnustund og/eða sjálfsafgreiðslu starfsmanna. Almennt má því segja að sá hluti Orra sem býður upp á skráningu markvissra upplýsinga um mannaúðinn hafi ekki verið nýttur nema að litlu leyti.

Á miðju ári 2008 var nefnd, sem skipuð er starfsmönnum fjármálaráðuneytisins og Fjársýslu ríkisins, falið að hrinda í framkvæmd frekari innleiðingu og notkun á mannaúðshluta Orra. Nefndin hefur mótað stefnu um hvaða upplýsingar er talið mikilvægt að séu aðgengilegar í mannaúðshlutanum. Lagt hefur verið mat á hvaða upplýsingar ríkið í heild þarf á að halda og jafnframt er reynt að taka tillit til þarfa ríkisstofnana. Á árinu 2009 verður farið sérstaklega í þau verkefni sem snúa að ráðningarkerfi, vinnustund, sjálfsafgreiðslu og ferðauppgjörkerfi.

Ljóst er að miðstýring á þessum þáttum tryggir betri nýtingu á þeim upplýsingum sem koma úr kerfunum og dregur úr tvíverknaði og margskráningu gagna. Notkun á þessum kerfum tryggir gæði í starfi, jafnframt því að draga úr rekstrarkostnaði.



Ráðningarkerfi - 1. útgáfa

Landspítali (LSH) tók í notkun fyrstu útgáfu ráðningarkerfisins í febrúar 2009. Innleiðing hjá öðrum ríkisstofnunum hófst í kjölfarið. Við ákvörðun á vali stofnana sem ganga fyrir við innleiðingu kerfisins, verður höfð til grundvallar greiningu á stærð þeirra, starfsemi, starfsmannaveltu og áhuga á innleiðingu. Kostnaður ríkisstofnana vegna innleiðingar á kerfinu er óverulegur þar sem kerfið er tengt við uppsetningu Orra. Handbók ráðningarkerfisins er tilbúin og er hún aðgengileg á vef FJS, www.fjs.is.


Ráðningarkerfi - 2. útgáfa

Gert er ráð fyrir að útgáfa tvö af ráðningarkerfinu verði tilbúin á fyrri hluta ársins 2009. Auk leiðréttinga og minni háttar lagfæringa þá er í þeirri útgáfu meðal annars gert ráð fyrir setningar- og/eða skipunarbréfum og kemur kerfið þá til með að nýtast fleiri stofnunum. Þær stofnanir sem notast við skipunarbréf geta þá notað kerfið við ráðningar allra starfsmanna sinna. Ráðningarstofum verður einnig gert kleift að nota kerfið á sama hátt þegar þær vinna við ráðningar í störf hjá stofnunum ríkisins.

Vinnustund

Áhersla er lögð á að gera sem flestum ríkisstofnunum kleift að innleiða þennan kerfishluta á næstunni án verulegs kostnaðar. Starfsmenn FJS munu ásamt starfsmönnum stofnananna sjá um innleiðinguna að mestu en stofnanirnar koma til með að þurfa að greiða námskeiðskostnað vegna starfsmanna sinna sem þörf hafa fyrir kennslu.

Á árinu 2009 er gert ráð fyrir að a.m.k. 20 nýjar stofnanir taki upp Vinnustund en fyrir eru 60 stofnanir sem eru að nota kerfið. FJS forgangsraðar stofnunum og stýrir innleiðingunni.



Skýrr hf. hefur útbúið handbók fyrir Vinnustundina og er hún notuð við grunnkennslu á kerfið. Leiðbeiningar um notkun Vinnustundar er einnig að finna í kerfinu sjálfu, þ.e. undir „Hjálpinni“ og eru þær mjög ítarlegar. Þá geta stofnanir leitað til þjónustuborðs FJS varðandi stuðning við innleiðingu og notkun kerfisins.

Sjálfsafgreiðsla

Töluverð eftirspurn er frá stofnunum ríkisins eftir sjálfsafgreiðslunni í mannauðshluta Orra. Nefndin leggur áherslu á að þessi hluti kerfisins verði aðgengilegur öllum ríkisstarfsmönnum á árinu 2009. Fara þarf gaumgæfilega yfir þennan kerfishluta og þá þætti sem þar eru og samhæfa þá öðrum hlutum kerfisins. Þessi vinna er hafin og er áætlað að henni ljúki um mitt ár 2009.

Hvað varðar aðgangsstýringu á þennan hluta kerfisins þá er stefnt að því að opnaður verði aðgangur fyrir alla starfsmenn sem hafa tölvuaðgang. Sýnilegt er að markviss notkun sjálfsafgreiðslunnar kemur til með að verða mjög breytileg og mun hún taka mið af m.a starfsemi, stærð og mönnun stofnana.


Ferðauppgjörskerfi

Ferðauppgjörskerfið auðveldar starfsmönnum og stjórnendum stofnana að skrá og halda utan um upplýsingar um starfstengdar utanlandsferðir. Kerfinu er ætlað að koma í stað núverandi ferðauppgjörferlis og draga úr margskráningu gagna og óskilvirkri miðlun upplýsinga milli starfsmanns, yfirmanns og ráðuneytis.

Kerfið er fullunnið og innleiðing er hafin hjá nokkrum ráðuneytum. Áfram verður unnið að innleiðingu hjá fleiri stofnunum á árinu. Innleiðing, uppsetning og kennsla á kerfið er framkvæmd af starfsmönnum FJS án verulegs kostnaðar fyrir stofnanirnar.

Aðrir kerfispættir

Ekki hefur verið ákveðið að vinna á þessu ári frekar að þróun á fræðslukerfi og starfsþróunarkerfi en stefnt er þó að innleiðingu þeirra í framtíðinni.





Umsvif

Á árinu 2008 vann FJS markvisst að því að reyna að tryggja að allar stofnanir bóki á rekstrargrunni, þar með taldar stofnanir sem nota önnur bókhaldskerfi en Orra. Gagnkvæm samskipti við stofnanir hafa aukist til muna og vinna við mánaðaruppgjör ríkissjóðs er orðin mun skilvirkari. Sérstök áhersla hefur verið lögð á afstemmingar og greiningu á efnahag ríkissjóðs. Gripið hefur verið til ýmissa aðgerða til að auka þjónustu við stofnanir með hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi. Nægir þar að nefna breytingu á meðferð bókana á sértekjum hjá stofnunum, ferli sem flýtur fyrir við útgáfu reikninga á milli stofnana, einföldun á uppgjöri á virðisaukaskatti fyrir þær stofnanir sem skila virðisaukaskatti og áframhaldandi þróun rafrænna reikninga til greiðslu.

Ríkisreikningur fyrir árið 2007 kom út í júlí. Áhersla er á að flýta útgáfu reikningsins enn frekar á komandi árum.

Átak hefur verið gert í að rýma til í skjalageymslum stofnunarinnar til að koma fyrir fylgiskjölum liðinna ára og jafnframt til undirbúnings á flutningi fylgiskjala til Þjóðskjalasafnsins vegna árána 1992-1998. Síðast tók safnið við skjölum árið 2002 vegna skjala frá árinu 1991 og hefur ekki sinnt ítrekuðum óskum þar að lútandi á síðustu árum. Vinna þarf að framtíðarlausn á þessu máli, að öðrum kosti stefnir í óefni.

Unnið var að endurbótum á ferlum á árinu vegna móttöku nýrra starfsmanna og er þeirri vinnu lokið. Breytingar voru gerðar á ferli starfsmannasamtala sem miðuðu að því að skerpa frekar á frammistöðumati starfsmanna og einfalda og bæta endurgjöf. Hannaður var einfaldur gagnagrunnur til að halda utan um fræðslu- og þjálfunarþarfir sem koma fram í starfsmannasamtölum og eins til að veita yfirsýn um fræðslusögu starfsmanna. Markmiðið er að nýta betur þekkingarauð stofnunarinnar og bæta starfsmannastjórnunina. Upplýsingar úr grunninum eru starfsmönnum og stjórnendum aðgengilegar.

Haldið var áfram innleiðingu á Vinnustund hjá stofnunum og nýjar útgáfur teknar upp. Um sextíu stofnanir voru virkar inni í Vinnustund í árslok en áhersla er lögð á að koma vaktastofnunum inn í kerfið.

FJS hefur um þriggja ára skeið verið þátttakandi í erlendu samstarfi um þróun staðla í rafrænum viðskiptum. Á árinu ákvað Evrópusambandið (ES) að taka upp þessa staðla og tók yfir þróun á þeim. FJS dró sig þá út úr þeim þróunarhópi en var boðin þátttaka í sérfræðingahópi um rafræn viðskipti innan ES og Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Á árinu hóf FJS einnig þátttöku í norrænum hópi um greiðslustýringar ríkisins.

Veigamikill þáttur í starfsemi FJS snýr að þróun og rekstri upplýsingakerfa fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir. Að þeim verkefnum koma öll svið stofnunarinnar með einum eða öðrum hætti. Hér á eftir verður fjallað um helstu þætti sem snúa að veigamestu kerfunum, þ. e. Orra (fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins) og TBR (tekjubókhaldskerfi ríkisins) á árinu.

Veigamikill þáttur í starfsemi FJS snýr að þróun og rekstri upplýsingakerfanna. Öll svið stofnunarinnar koma að því verki með einum eða öðrum hætti

Launalistar urðu rafrænir á árinu en í því felst töluverður sparnaður í tíma, pappír og kostnaði

Frumútgáfa ráðningarkerfisins verður tekin í notkun á árinu 2009

Áfram er unnið að því að sem flestar stofnanir hefji móttöku rafrænna reikninga og taki upp rafrænt samþykktarferli ásamt því að fjölga birgjum sem senda reikninga á rafrænu formi til ríkisins

■ Rekstur Orra

Rekstur Orra gekk vel á árinu. Kerfið var almennt stöðugt og svartími góður. Á árinu voru settar inn nokkrar nýjar undirútgáfur af kerfinu svo og breytingar sem Oracle gerði vegna öryggismála.

Á árinu kom inn nýr möguleiki sem gengur undir nafninu „XML publisher“. Hann gerir kerfishlutum í Orra mögulegt að breyta skýrslum og úttaki. Dæmi um slíkt er gerð ársreiknings í kerfinu. Nú er orðið mögulegt að skrifa rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi beint út í Word, Excel og PDF.

Annar möguleiki sem nýtist í öllum kerfishlutum er vefþjónustumiðlari sem virkar eins og „brú“ á milli Orra og annarra kerfa. Fyrsta verkefnið til að nýta þessa brú eru „greiðsluseðlar“ í AR (viðskiptakröfur). Kerfið sér um milligöngu milli kerfa Landsbankans og Orra. Hægt er að flytja greiðsluseðla frá Orra til bankans og fá síðan vélrænar upplýsingar til baka um inngreiðslur.

■ Þróun Orra

Launalistar urðu rafrænir á árinu og fá starfsmenn allra launaeilda stofnana tilkynningu þegar listinn er tilbúinn og geta þeir sótt hann í sjálfsafgreiðslu starfsmanna í Orra. Þessi breyting felur í sér töluverðan sparnað bæði í tíma, pappír og kostnaði.

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að því að koma upp gagnasafni um laun starfsmanna ríkisins hjá ráðuneytum og stofnunum. Vinnu við hið svokallaða vöruhús launa var fram haldið á árinu 2008. Í árslok var verkinu að mestu lokið og öll launagögn frá árinu 1997 til ársloka 2008 voru komin í kerfið. Næsti áfangi verður að byggja notendalag sem gerir stofnunum kleift að nýta sér þessar upplýsingar.

Við innleiðingu á ráðningarkerfishluta Orra kom í ljós að þarfir ríkisins og stofnana höfðu breyst mikið frá þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar við kaup á kerfinu. Ákveðið var að endurskoða þær frá grunni. Frumútgáfa ráðningarkerfisins verður tekin í notkun á árinu 2009 og er það afrakstur af starfi samráðsnefndar starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis og starfsmanna FJS.

Um nokkurt skeið hefur menntamálaráðuneytið verið að prufukeyra svokallað „ferðareikningakerfi“ en það heldur utan um kostnað af ferðum til útlanda, greiðslu dagpeninga og uppgjör á ferðareikningum. Í lok árs tóku þrjú önnur ráðuneyti kerfið í notkun.

Á árinu var kynntur nýr möguleiki í Orra sem er viðskiptagreining (Daily Business Intelligence, DBI). Þetta kerfi tekur saman lykiltölur fyrir tiltekinn kerfishluta og birtir í töflum og á myndrænu formi. Búið er að setja upp kerfið fyrir AP, AR og PA (Project accounting = verkbókhald).

Eftir því sem stofnanir hafa náð betri tökum á Orra fjölgar þeim sem óska eftir að taka upp verkbókhald. Í árslok 2008 eru nokkrar stofnanir með altækt verkbókhald þar sem haldið er utan um alla starfsemina og verkefni. Dæmi um slíkar stofnanir eru Vegagerðin og Framkvæmdasýsla ríkisins. Þá eru nokkrar stofnanir sem nota verkbókhaldið til að halda utan um ráðstöfun á vinnutíma starfsmanna. Dæmi um slíka stofnun er Póst- og fjarskiptastofnun.

Átak var gert til að auka notkun stofnana á rafrænum reikningum og rafrænu samþykktarferli reikninga í viðskiptaskuldum (AP). Um mitt ár var lokið nauðsynlegri vinnu við að gera Orra kleift að taka á móti reikningum á svokölluðum NES-staðli. Samhliða því var sett upp „bókunarvél“ sem gerir mögulegt að fullbóka reikninga. Þrátt fyrir að kerfið sé tilbúið hefur gengið treglega að fá birgja til að senda inn reikninga á rafrænu formi og eins að fá stofnanir til að nota kerfið.

Sérstakur starfsmaður hjá FJS sér um að rafrænir reikningar flæði greiðlega í gegnum allt kerfið. Hann hefur líka það hlutverk að þjónusta samþykktarferil reikninga. Samþykktarferillinn er í flestum tilfellum forsenda þess að hægt sé að taka rafræna reikninga í notkun. Á árinu var mikil vinna lögð í að bæta rekstraröryggi kerfisins og auðvelda daglega notkun þess. Í maí 2008 var boðið upp á AP fræðsludag þar sem farið var yfir notkunarmöguleika á viðskiptaskuldum. Í október var haldin ráðstefna fyrir notendur að launakerfinu undir nafninu, „Mannauðsdagur“. Í nóvember var síðan „Fjárhagsdagurinn“ þar sem tekin var fyrir notkun á fjárhagshluta kerfisins (GL). Mannauðsdagurinn og Fjárhagsdagurinn voru haldnir bæði í Reykjavík og á Akureyri. Viðbrögð stofnana og notenda Orra við þessum ráðstefnum voru góð og tókust þær vel.

■ Rekstur og þróun TBR

Á árinu var lögð megináhersla á þróun Greiðslu- og Vanskilakerfis TBR. Sex heildarútgáfur af kerfum TBR voru settar í rekstur. Þar voru á ferðinni bæði stærri og minni breytingar á einstökum kerfum. Aðrar áherslur sneru að því að auka hagkvæmni í rekstri kerfisins, afstemmingar á milli kerfishluta og á milli álagningarferfa og innheimtukerfis.

Í tengslum við álagningarhluta kerfisins hefur verið bætt við rafrænum samskiptum við viðskiptabanka og sparisjóði vegna greiðsluseðla fyrir stofnanir. Samskiptum var komið á við Landsbanka, Kaupþing og Tölvumiðstöð sparisjóða.

Á árinu var TBR tengt við Afgreiðslu- og skýrslugerðarkerfi tollgæslu (AST) vegna gjaldtöku til ríkisins í flug- og skipahöfnum við komu far- og ferðamanna til landsins. Kerfið hefur verið sett í rekstur hjá tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli.

Töluverð vinna hefur farið í að gera breytingar á TBR vegna aðlögunar að breyttum lögum sem samþykkt voru á haustmánuðum. Þá hefur komið til aukid eftirlit með álagningu, innheimtu og eftirstöðvum krafna samhliða aukinni upplýsingagjöf til fjármálastjórnar ríkisins.

Lögð var áhersla á fræðslu fyrir innheimtuembætti ríkisins til að auðvelda lærdómsferli notenda og stuðla að því að nýir notendur verði fyrr en ella sjálfbjarga við notkun kerfisins. Handbók fyrir Viðskiptamanna- og Vanskilakerfi TBR, sem notendur geta nálgast á aðgangsstýrðu vefsetri Fjársýslunnar, er að mestu lokið. Hafin var vinna við gerð handbókar fyrir Greiðslu- og Bankagreiðslukerfi TBR.

Unnið hefur verið að lokun TBI, eldra innheimtukerfi ríkisins, sem geymir kröfur frá 1981-1999. Stefnt er að því að leggja kerfið niður í árslok 2009. Þá var unnið að því að loka þinggjaldahluta innheimtuskilakefis sem tengist TBI.

Fjársýslan hélt fimm ráðstefnur til að kynna ákveðna kerfishluta og nýjungar í Orra

Töluverð vinna hefur farið í að gera breytingar á TBR vegna aðlögunar að breyttum lögum sem samþykkt voru á haustmánuðum

Stefnt er að því að leggja niður gamla innheimtukerfið, TBI, í árslok 2009

Fjármál

Rekstrarsvið hefur yfirumsjón með fjármálum stofnunarinnar ásamt gerð rekstraráætlana í náinni samvinnu við fjársýslustjóra. Í tengslum við gerð árlegra rekstraráætlana er jafnframt farið yfir málefni einstakra sviða með viðkomandi forstöðumönnum. Er það gert til að fá betri heildarsýn á fjármál stofnunarinnar og tryggja nauðsynlega samræmingu verkefna og forgangsröðun.

Fjársýslustjóri og forstöðumenn sviða bera einnig ábyrgð á gerð langtímaáætlunar og ársskýrslu. Langtímaáætlunin endurspeglar stefnumörkun og megináherslur starfseminnar til lengri tíma og taka rekstraráætlanir jafnan mið af samþykktri langtímaáætlun innan þess ramma sem fjárveitingar leyfa. Í ársskýrslu er loks gerður samanburður á útgjöldum og fjárheimildum auk tölulegs samanburðar á markmiðum ársins og útkomu.

Fjárheimildir FJS árið 2008 námu alls 1.239 millj. kr., hækkuðu um 64 millj. kr. eða 5,4% frá árinu á undan. Heildargjöld ársins að frádregnum sértekjum voru um 1.250 millj. kr., hækkuðu um 123 millj. kr. eða 10,9% frá árinu á undan.

Yfirlit í millj. kr. á verðlagi hvers árs

	2008	2007	2006
Sértekjur	-6,3	-0,8	-2,2
Rekstrargjöld	519,2	463,6	431,9
Rekstur upplýsingakerfa	717,9	648,2	593,3
Stofnkostnaður upplýsingakerfa	19,4	16,0	17,1
Gjöld umfram sértekjur	1.250,2	1.127,1	1.040,1
Framlag ríkissjóðs	1.239,3	1.175,7	1.081,3
Hagnaður / tap ársins	-10,9	48,6	41,2

Gjöld umfram sértekjur námu 1250 millj.kr. og var rekstur FJS á árinu tæplega 1% umfram fjárheimildir

Uppsafnaðar fjárheimildir í millj. kr.


	2008	2007	2006
Staða í ársbyrjun	141,1	92,4	51,2
Hagnaður / tap ársins	-10,9	48,6	41,2
Staða í árslok	130,1	141,1	92,4

Í árslok 2008 er fjárheimildastaðan jákvæð um 130 millj. kr. enda margvíslegur kostnaður og verkefni sem hafa dregist frá upphaflegum áætlunum. Eigð fé lækkaði um 11 millj. kr. á árinu eða sem nemur halla ársins. Fjárveitingin hækkaði um 14 millj. kr. þegar frá eru taldar launa- og verðlagshækkunar á milli áronna 2007 og 2008. Munar þar mest um 14 millj. kr. tímabundna fjárveitingu til þess að gera fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins kleift að taka á móti rafrænum reikningum. Auk þess var 10 millj. kr. fjárveiting til að efla þjónustu við ríkisstofnanir vegna launavinnslu og innleiða mannauðshluta Orra. Loks var fjárveitingin lækkuð um 11 millj. kr. með millifærslu yfir á sérstakan fjárlagalið hjá fjármálaráðuneyti vegna nýrrar reglugerðar um virðisaukaskatt af tölvuvinnslu. Á þessum sérstaka fjárlagalið ráðuneytisins er haldið utan um allan virðisaukaskatt sem A-hluti ríkissjóðs greiðir af tölvuvinnslu. Að öðru leyti vísast til ársreiknings FJS og skýringa hér aftar í skýrslunni.

Starfsmenn og þróun


Í árslok 2008 voru starfsmenn FJS 72, og er það sami fjöldi og árið áður. Í stöðugildum talið reiknast þau samtals 69,8. Karlmenn eru ívið færri en konur, 32 samanborið við 40, en þeim hefur þó fjölgað um 5 frá síðasta ári á meðan konum hefur fækkað um 4. Kynjahlutfall stjórnenda hjá FJS er jafnt, eða 5 karlar og 5 konur. Myndirnar hér að neðan sýna fjölda starfsmanna innan sviða, kynjahlutfall starfsmanna og kynjahlutfall stjórnenda.

FJÖLDI STARFSMANNA EFTIR SVIÐUM



Á árinu 2008 hættu 9 starfsmenn og 8 voru ráðnir í þeirra stað. Starfsmannavelta á árinu var því 12,5% en var 11% á árinu 2007. Kynjahlutfall stjórnenda er jafnt þ.e.a.s. 50% karlar og 50% konur. Meðalaldur starfsmanna er 49,5 ár samanborið við 49,2 árið áður. Meðalstarfsaldur er rúmlega 12 ár. Háskólamenntaðir eru um 38% starfsmanna og meirihlutinn viðskiptafræðingar. Veikindadagar að frátöldum langvarandi veikindum voru 436 dagar á árinu 2008.


ALDURSDREIFING STARFSMANNA




Veikindadagar (að frátöldum langvarandi veikindum) voru rúmlega 6,06 dagar að meðaltali á starfsmann á árinu, samanborið við 7,6 daga árið áður eða sem nemur 25,5% fækkun. Veikindafjarvistir í heild, þ.e. langvarandi veikindi eru meðtalin, námu 9,8 dögum að meðaltali á starfsmann á árinu.

Listi yfir starfsmenn FJS í árslok 2008 er birtur innan á kápu aftast í skýrslunni.


KYNJAHLUTFALL STARFSMANNA



KYNJAHLUTFALL STJÓRNENDA



FJS hefur á að skipa breiðum hópi sérfræðinga



Kennitölur

Kennitölur hafa ekki einungis upplýsingagildi heldur einnig margvíslega hagnýta þýðingu við stefnumótun og stjórnun þar sem þær gefa góða vísbendingu um hvernig gengið hefur að ná settum markmiðum. Í mörgum tilvikum gefa þær einnig góða sýn á það hvar má gera betur og ná hagræðingu.

Gerð ríkisreiknings

Meginmarkmið með gerð ríkisreiknings er að birta ársuppgjör ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins. Á þann hátt fæst glögg mynd af heildarumsvifum ríkissjóðs. Fjöldi reikningsliða hjá A-hluta ríkissjóðs var eftirfarandi:

	2008	2007
Æðsta stjórn ríkisins og ráðuneyti	13	15
Ríkisstofnanir	247	249
Tilfærsluliðir	93	122
Aðrir liðir	161	130
Fjárlagaliðir samtals í A-hluta ríkisreiknings	514	516

Í ríkisreikningi eru einnig birtar lykiltölur úr ársreikningum fyrirtækja og stofnana í eigu ríkisins í B, C, D og E- hluta. Árið 2008 voru þessir aðilar 35 en 34 árið á undan.

Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og ríkisstofnanir

Í aðalatriðum má skipta greiðsluþjónustu FJS í tvennt, þ.e. fyrir ríkissjóð annars vegar og ráðuneyti og ýmsar smærri ríkisstofnanir hins vegar.

Innlegg á bankareikninga	2008	2007
Bankainnlegg vegna greiðslu reikninga o.fl.	156.821	156.611
Bankainnlegg vegna launagreiðslna	312.214	311.647
Bankainnlegg í barnabóta- og skattvinnslum	265.338	236.883
Fjöldi bankainnleggja	734.373	705.141

Tékkar	2008	2007
Fjöldi tékka vegna greiðslu reikninga o.fl.	2.489	2.763
Fjöldi tékka vegna launagreiðslna	1.028	1.467
Fjöldi tékka í barnabóta- og skattvinnslum	58.181	56.066
Fjöldi tékka	61.698	60.296

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að koma greiðslum beint inn á bankareikninga í stað þess að skrifa út tékka. Fjöldi innleggja jókst um 4,1% á milli ára og fjöldi tékka reyndar líka eða um 2,3%. Samanlagt nam heildarfjöldi greiðslna um 796 þúsund á árinu 2008 og fjölgaði um 4,0% frá árinu á undan.

Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð er vegna greiðslu á launum og framlögum til ríkisaðila og annarra sem fá framlög frá ríkissjóði. Þessar greiðslur ná einnig til barna- og vaxtabóta, skila á tekjum til sveitarfélaga, sókna- og kirkjugarðaráðs, skila á inneignum eftir skattálagningu o.fl. Loks nær greiðsluþjónustan einnig til innheimtu af veittum lánum og greiðslna af teknum lánum ríkissjóðs.

